

Þriðjudaginn 20. september 1988.

Nr. 301/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Skúla Helga Skúlasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi eða gæsluvarðhaldsvist stýtt verulega. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skirskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. september 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 14. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Skúla Helga Skúlasyni sjómanni, fæddum 24.07. 1964, til heimilis að Fannarfelli 10, Reykjavík, með lögheimili að Tunguseli 4, sama stað, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00 vegna gruns um brot gegn XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Kærði hefur mótmælt framkominni kröfu.

Málavextir eru þeir, að X, A-götu, Reykjavík, hefur kært Skúla Helga Skúlason fyrir líkamsmeiðingar og nauðgun. X hefur borið, að hún hafi kynnst kærða á veitingastaðnum Abracadabra að kvöldi mánudagsins 5. september sl.

Þau hafi síðan ákveðið að fara heim til hennar, en áður hafi kærði keypt nokkrar flöskur af léttvíni á veitingastaðnum. Er heim var komið, hafi kærði viljað hafa við hana samfarir, en hún hafi sagt, að hún væri með

tíðartappa og því vildi hún ekki hafa samfarir. Þá hafi kærði ráðist á hana og slegið hana í kviðinn, þannig að hún hneig niður á gólfið. Kærði hafi síðan rífið af henni fötin, rekið lim sinn inn í hana og það síðasta sem hún muni séu gifurlegar kvalir, er kærði hóf samræðishreyfingar, þar sem hún lá á rúmi í svefnherberginu.

X kvaðst næst muna, að hún hafi vaknað og hafi þá verið mikið kvalin. Hún kvað ákærða hafa beðist afsökunar og þá hafi hún lofað að kæra hann ekki.

Kærði hefur viðurkennt við yfirheyrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa farið heim með X aðfaranótt 6. september sl., en neitar að hafa slegið hana eða þröngvað henni til samfara.

Að kvöldi 6. september var X lögð inn á Borgarspítalann, þar sem hún gekkst undir aðgerð vegna lífhimnubólgu og kom þá í ljós gat á smágirni og mar á görninni, sem virtist að sögn lækna vera eftir áverka. Í réttarlæknisvottorði kemur fram, að ástand X við komu á spítalann var mjög alvarlegt og áverki lífshættulegur, en eftir aðgerð væri hún úr allri lífshættu.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Kærði hefur ekki viðurkennt sök og eftir er að taka ítarlegri skýrslur af kæranda, en væntanlegt er að hún útskrifist af spítala á næstu dögum. Þykir hætta á því, að kærði spilli rannsókn málsins, haldi hann óskertu frelsi.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til alvarleika þeirra brota, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina, með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Skúli Helgi Skúlason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.